

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístunda- og ferðaþjónustusvæðis að Hellishólum í Fljótshlíð, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 13. október 2005, breytingu á deiliskipulagi frístunda- og ferðaþjónustusvæðis að Hellishólum í Fljótshlíð.

Deiliskipulag frístunda- og ferðaþjónustusvæðis að Hellishólum í Fljótshlíð.

Um er að ræða eftirfarandi breytingar: gistiskálum fækkar en á móti er fjölgun á frístundalóðum. Nýr byggingarreitur fyrir nýja veitingaþjónustu á Lambhúshól og færslu á byggingarreit þjónustuhúss ferðamanna innan Lambhúslautar.

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd 1. nóvember sl. og í byggðarráði 3. nóvember sl.

Deiliskipulagsgögn hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra, 13. febrúar 2006,

Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.